

7. gr.

Um hlutverk, starfssvið og verkefni ÁFD að öðru leyti fer samkvæmt starfslýsingu deildarinnar og erindisbréfi yfirmanns hennar í stjórnunarfyrimælum, RD-2.0189/3 og R-5.0588/1, útgefnum af lögreglustjóranum í Reykjavík.

Reglur þessar eru settar með stöð í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50, 1972 um lögreglumenn og öðlast gildi 1. maí 1990.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. apríl 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Hjalti Zóphóniásson.

REGLUR

um Verðbréfaþing Íslands.

I. KAFLI

Stofnun og hlutverk.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 36 frá 5. maí 1986 starfrækir Seðlabanki Íslands í samvinnu við verðbréfamiðlara Verðbréfaþing Íslands (hér eftir nefnt verðbréfaþing eða þing). Heimili og varnarþing þess er í Reykjavík. Seðlabanki Íslands skal veita því og stjórn þess nauðsynlega starfsaðstöðu.

2. gr.

Hlutverk þingsins er m.a. eftirfarandi:

- a) Að vera vettvangur viðskipta með skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf og starfrækja í því skyni skipulegt viðskiptakerfi meðal þátttakenda (hér eftir nefndir þingaðilar);
- b) að gera faglegar, fjárhagslegar og siðferðislegar kröfur til þingaðila;
- c) að meta skráningarhæfi verðbréfa;
- d) að skrá gengi verðbréfa og aðrar upplýsingar sem þurfa þykir og
- e) að sjá um, í samvinnu við bankaeftirlit Seðlabankans, að nauðsynlegt eftirlit sé til staðar með framkvæmd á reglum þingsins, þeim reglum sem stjórnin setur og ákvörðunum sem hún tekur eftir því sem við getur átt.

II. KAFLI

Stjórn og fundir þingaðila.

3. gr.

Stjórn þingsins skipa fimm menn. Seðlabankinn skal tilnefna formann og að auki einn mann, sem valinn skal úr atvinnulífinu vegna sérþekkingar á viðskiptamálum, að fenginni tillögu viðskipta- og hagfræðideildar Háskólans. Þrjú stjórnarmenn skulu kosnir af öðrum þingaðilum til eins árs í senn sbr. 5. gr. Jafnmargir varamenn skulu valdir með sama hætti. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

4. gr.

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður æskir þess. Stjórnin skal halda gerðabók. Ákvarðanir sínar skal stjórnin birta á traustan og greinilegan hátt.

5. gr.

Stjórnin getur, þegar hún sér tilefni til, boðað alla þingaðila til fundar. Skylt er henni að boða til slíks fundar ef þriðjungur þingaðila æskir þess. Fundur skal þó haldinn án tilefnis einu sinni á ári, fyrir febrúarlok. Á þeim fundi kjósa þingaðilar aðrir en Seðlabankinn fulltrúa í stjórn og varastjórn beinni kosningu. Reikningar þingsins skulu lagðir fram á þessum fundi til samþykktar. Jafnframt skal fundurinn ákveða þóknun stjórnar og endurskoðenda. Atkvæðamagn hvers þingaðila er í hlutfalli við kaup og sölu hans á skráðum verðbréfum á þinginu næstliðið almanaksár. Einn þingaðili getur þó ekki farið með meira atkvæðamagn fyrir sjálfs sín hönd og annarra en nemur þrjátíu af hundraði.

III. KAFLI

Þingaðilar.

6. gr.

Aðilar að þinginu eru þeir verðbréfamiðlarar sem stjórnin hefur samþykkt. Seðlabanki Íslands er þingaðili, en stundar ekki þjónustu sem aðrir þingaðilar veita almenningi aðra en útgáfu og sölu nýrra verðbréfa ríkissjóðs og ríkisstofnana, og keppir ekki við þá um viðskipti.

7. gr.

Umsóknir um aðild skulu sendar stjórninni og skal hún athuga hvort umsækjandi eða starfsmenn hans fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hefur leyfi til að stunda verðbréfamiðlun sbr. 3. gr. laga nr. 20 frá 4. apríl 1989;
- b) hefur til að bera næga menntun og reynslu í verðbréfavíðskiptum samkvæmt nánari reglum sem stjórnin setur;
- c) setur verðtryggða bankaábyrgð, veð eða aðra tryggingu sem stjórnin metur gilda til tryggingar efnudum á skyldum þeim sem honum ber að uppfylla í viðskiptum sínum, eigi lægri en 1 milljón króna, en fjárhæðin breytist í janúar ár hvert í hlutfalli við breytingu sem kann að hafa orðið á lánskjaravísitölu frá gildi hennar í október 1985 sem var 1266, og
- d) hafi undirritað drengskaparyfirlýsingu um að rækja störf sín eftir bestu samvisku og að hlíta reglum þessum sem og reglum sem stjórnin hefur sett.

8. gr.

Nú telur stjórnin að þingaðili hafi hagað sér í starfi sínu á þann hátt að ekki samrýmist hagsmunum viðskiptavina hans né þingsins í heild. Skal hlutaðeigandi þingaðili að boði stjórnarinnar gera henni viðhlítandi grein fyrir máli sínu. Ber þingaðila í því efni að svara og sinna án ástæðulauss dráttar fyrirspurnum og kvæðningum stjórnarinnar. Stjórnin getur veitt einstökum þingaðilum áminningar, en svipta skal hún þingaðila aðild sé um ítrekaðar eða alvarlegar ávirðingar að ræða að hennar mati. Stjórnin leysir þingaðila undan kvöðum þingsins um leið og hann er sviptur aðild. Fullnægi þingaðili að einhverju eða öllu leyti ekki skilyrðum skv. 7. gr. skal stjórnin svipta hann þingaðild og leysa hann undan kvöðum þingsins.

9. gr.

Stjórn þingsins getur ákveðið óafturkræft stofngjald sem allir þingaðilar greiða til þingsins. Einnig getur stjórn þingsins ákveðið fyrir eitt ár í senn að þingaðilar greiði til þingsins fast gjald og/eða gjald, sem sé fyrirfram ákveðið hlutfall af sölu verðbréfa á þinginu.

IV. KAFLI

Skráning verðbréfa.

10. gr.

Stjórnin veitir verðbréfum viðurkenningu sem skráningahæfum í viðskiptakerfi þingsins, enda berist umsókn um það frá þingaðila.

11. gr.

Stjórnin setur nánari reglur um verðbréfaflokka sem teknir eru til skráningar og skulu þær m.a. fela í sér eftirtalin atriði:

- a) Að heildarnafnverð hvers flokks skuli ekki vera lægra og einingar ekki færri en svo að verðbréfin geti talist markaðshæf.
- b) Að verðbréfaflokki fylgi lýsing í samræmi við forskrift reglna sem stjórnin setur um hana og form útboðs.

12. gr.

Ákvæði 10. og 11. gr. gilda um öll skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf, þ.m.t. hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sem sótt er um skráningu fyrir í viðskiptakerfi þingsins.

13. gr.

Stjórnin lætur útbúa nauðsynlegar upplýsingar um skráð verðbréf er almenningur hefur aðgang að.

14. gr.

Stjórninni er skylt að fella af skrá þau verðbréf, sem að hennar mati uppfylla ekki skilyrði þingsins. Jafnframt er henni heimilt að fella tímabundið niður skráningu ef ástæða þykir til.

15. gr.

Stjórn þingsins getur ákveðið fyrir hvert ár í senn árlegt gjald fyrir skráningu hvers flokks verðbréfa á þinginu.

V. KAFLI

Viðskiptakerfið.

16. gr.

Þingaðili skal senda öllum öðrum aðilum upplýsingar um magn, verð og tegundir þeirra skráðu bréfa sem hann hefur kaupanda eða seljanda að sbr. þó 20. gr.

17. gr.

Stjórnin skal skipuleggja upplýsingamiðlun skv. 16. gr., ákveða tíðni hennar, form upplýsinganna og flutningsmiðil.

18. gr.

Þingaðilar gera upp viðskipti beint sín á milli skv. reglum sem stjórnin setur. Þingaðilar bera ábyrgð á viðskiptum sínum með skráð verðbréf.

19. gr.

Stjórnin setur reglur um skiptingu sölulauna þegar sala fer í gegnum tvo eða fleiri þingaðila. Þingaðilar skulu gera stjórninni grein fyrir þóknun sem þeir taka fyrir að annast kaup eða sölu skráðra bréfa.

20. gr.

Þingaðila er heimilt að eiga viðskipti með skráð verðbréf án þess að hann bjóði þau fram í viðskiptakerfinu, svo fremi sem hann gerir bæði kaupendum og seljendum grein fyrir að svo sé og þeir sætti sig við það.

21. gr.

Stjórnin skal skipuleggja söfnun og miðlun upplýsinga meðal þingaðila um viðskipti með skráð verðbréf. Seðlabankinn safnar og miðlar upplýsingum um verð og viðskipti með skráð verðbréf.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

22. gr.

Stjórnin skal gera tillögur um eftirlitskerfi, sbr. e-lið 2. gr., sem Seðlabankinn staðfestir. Þessu kerfi er ætlað að standa vörð um góða síðu þingaðilanna og koma í veg fyrir áföll sem skaða kynnu álit þingsins eða valdið gætu viðskiptavinum fjárhagstjóni.

23. gr.

Stjórnin skal skera úr um ágreining milli þingaðila að því er varðar framkvæmd reglna þingsins. Einnig skal hún skera úr um ágreining á milli viðskiptavina og þingaðila vegna viðskipta með skráð verðbréf enda hafi ágreiningnum verið vísað til stjórnarinnar af öðrum hvorum aðila.

24. gr.

Fundur þingaðila gerir tillögur um breytingar á reglum þessum til Seðlabankans og kynnir þær ráðherra. Um vægi atkvæða gilda ákvæði 5. gr.

25. gr.

Sæki hlutafélag um heimild stjórnar verðbréfaþings til að annast sjálft útgáfu eigin markaðsverðbréfa, skv. 2. ml. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 20/1989, getur stjórnin ákveðið að hlutafélagið greiði þinginu gjald vegna afgreiðslu umsóknarinnar.

26. gr.

Kostnaður af rekstri þingsins skal greiddur af tekjum þess sem aflað er skv. 9. gr. og 15. gr. Stjórn þingsins skal færa sérstakt bókhald fyrir þingið. Endurskoðendur skulu vera tveir, annar tilnefndur af Seðlabankanum og hinn kosinn af öðrum þingaðilum. Um vægi atkvæða gilda ákvæði 5. gr. Birta skal endurskoðaða reikninga þingsins í B-deild Stjórnartíðinda.

27. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 36/1986 að fengnu samþykki ráðherra og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar núgildandi reglur nr. 151 frá 22. febrúar 1989 um Verðbréfaþing Íslands.

Reykjavík, 5. mars 1990.

Jóhannes Nordal.

Tómas Árnason.

Reglur þessar staðfestast hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 4. apríl 1990.

Jón Sigurðsson.

Tryggvi Axelsson.